**Samkomulag Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli ákvæðis um samningsforsendur í 8. gr. kjarasamnings SA og SSF dags. 8. september 2015.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru endurskoðaðir með samningi SA, ASÍ og aðildarfélaga ASÍ dags. dags. 21. janúar 2016. Byggir sá samningur á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að kjaramál starfsmanna fjármálafyrirtækja byggi á sömu forsendum og hafa á þeim grundvelli orðið ásáttir um eftirfarandi breytingar á kjarasamningi aðila:

**Launahækkun 1. janúar 2016**

Launahækkun sem átti að vera 5,5% þann 1.maí 2016 verður 6,2% og gildir frá og með 1. janúar 2016. Kauptaxtar kjarasamnings taka sömu hækkun. „Launaþróunartrygging" fellur brott nema í því tilviki að launagreiðandi hafi framkvæmt hækkun á tímabilinu 1.10.2015-1.1.2016 gagnvart þorra starfsmanna eða fyrirvari hafi verið af hálfu launagreiðanda að um flýtta hækkun hafi verið að ræða.

**Launahækkun 1. maí 2017**

Laun og launatengdir liðir hækka um 5,0% í stað 3,75%. Kauptaxtar kjarasamnings taka sömu hækkun.

**Launahækkun 1. maí 2018**

Laun og launatengdir liðir hækka um 5,0% í stað 2,5%. Kauptaxtar kjarasamnings taka sömu hækkun.

Reykjavík, 24. október 2016

F.h. Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

f.h. Samtaka atvinnulífsins